

Akureyrbær
Pétur Ingi Haraldsson
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 23. september 2021
Tilvísun: 202109001 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi stofnana- og athafnasvæðis við Súluveg og Miðhúsaveg, Akureyrbær

Akureyrbær hefur, með erindi dags. 24. ágúst 2021, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í bæjarstjórn 23. júní 2021 og varðar tillögu að deiliskipulagi stofnana- og athafnasvæðis við Súluveg og Miðhúsaveg.

Lýsingin er dagsett 18. júní 2021.

Samkvæmt lýsingunni sem er dags 18. júní 2021 er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Súluvegi, Miðhúsabraut, Miðhúsaklöppum og golfvallar Akureyrar. Svæðið er um 6,38 ha að stærð. Viðfangsefnin eru að afmarka nýjar lóðir annars vegar fyrir dýraspítala, nyrst á svæði merkt S36 í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og hinsvegar athafnalóðir á svæði AT13, ásamt því að skilgreina byggingarreiti og byggingarmagn á öllum lóðum innan skipulagsreitsins og setja skilmála um uppbyggingu og umgengi á svæðinu.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum og hvernig staðið verður að gerð og umhverfismati tillögunnar.

Auk þeirra umsagnaraðila sem tilgreindir eru bendir stofnunin á að leita skal umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Berglind Sigurðardóttir
Berglind Sigurðardóttir